

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 180/1993. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Steinari Jónssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.).

Umferðarlög. Bifhjól. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Máli þessu er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Eru dómkröfur hans fyrir Hæstarétti þær, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds um sviptingu ökuréttinda og dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ákvæði hans um sviptingu ökuréttinda gildi frá birtingu dóms þessa.

Er verjandi ákærða tilkynnti héraðsdómara þá ákvörðun ákærða að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar, kom hann á framfæri þeirri kröfu ákærða með vísun til 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að ákveðið yrði með úrskurði, að áfrýjun dómsins frestaði sviptingu ökuréttinda, þar sem ákærði sé atvinnubifreiðarstjóri og framfæri fjölskyldu með tekjum af því starfi. Varð héraðsdómari við þessari kröfu í úrskurði, sem hann kvað upp 11. febrúar 1993.

Þegar málsatvik eru virt, verður að telja sannað, að akstur ákærða hafi verið með þeim hætti, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Ber því að staðfesta dóminn, þó svo, að ákvæði hans um sviptingu ökuréttinda ákærða gildi frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að svipting ökuréttinda ákærða, Steinars Jónssonar, gildir frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 4. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-234/1992: Lögreglustjórinn í Reykjavík gegn Steinari Jónssyni, en málið var dómtekið 27. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 7. desember sl., á hendur „Steinari Jónssyni, Veghömrum 24, Reykjavík, kt. 050962-5129, fyrir að aka bifhjólinu A-1151 aðfaranótt föstudagsins 25. september 1992 með 125 km/klst. norður Gullinbrú á vegarkafli norðan Stórhöfða. Þetta telst varða við 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

— — —

Málsatvik.

Aðfaranótt 25. september sl. voru lögreglumenn á ómerktri lögreglubifreið staddir á gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegur. Veittu lögreglumennirnir þá bifhjóli ákærða athygli og einnig öðru bifhjóli. Bifhjólunum var síðan ekið norður Höfðabakka í átt að Gullinbrú. Lögreglubifreiðinni var ekið sömu leið. Mældi lögreglan hraða bifhjóls ákærða á Gullinbrú, og reyndist ökuhraðinn vera 125 km/klst.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 23. október sl. og ákærða þá boðið að ljúka málinu með lögreglustjórásátt. Ákærði hafnaði því að ljúka málinu á framangreindan hátt. Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa ekið of hratt norður Gullinbrú í framangreint sinn og ekkert sérstaklega hafa fylgst með hraðamæli bifhjólsins, en sér finnist mældur ökuhraði, þ. e. 125 km/klst., nokkuð mikill.

Ákærði kom fyrir dóminn 22. desember sl. og 27. janúar sl. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru, þó þannig, að ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifhjólinu hraðar en á 95 km/klst. Ákærði kvaðst vera fullviss um þetta, þótt hann hefði ekki fylgst sérstaklega með hraðamæli bifhjólsins. Ákærði kvaðst hafa ekið Gullinbrú á þeim tíma, er í ákæru greinir, og

hafi Sigurður Magnús Harðarson verið sér samferða á þessum slóðum og sá ekið öðru bifhjóli.

Vitnið Jóhann Davíðsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 27. janúar sl. Jóhann, sem kvaðst hafa verið við almennt umferðareftirlit aðfaranótt 25. september sl., kvaðst hafa séð bifhjól ákærða, er það var kyrrstætt á gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegur framangreinda nótt. Bifhjólinu hefði verið ekið þaðan og norður Höfðabakka, og á Gullinbrú hefði ökuhraði bifhjólsins verið mældur og reynst vera 125 km/klst. Jóhann kvað lögregluna hafa fylgt báðum bifhjólunum eftir frá framangreindum gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegur, og hefðu bifhjólin verið stöðvuð rétt sunnan brúarinnar yfir Grafarvog. Jóhann kvað ekki hafa reynst unnt að sýna ákærða tölu, er sýndi mældan ökuhraða á ratsjá lögreglunnar, þar sem ratsjainn hefði farið úr sambandi, er samstarfsmaður Jóhanns, Júlíus Óli Einarsson, hefði farið út úr lögreglubifreiðinni. Jóhann kvaðst hafa séð ratsjána sýna 125 km/klst., og hið sama hefði samstarfsmaður sinn, Júlíus Óli, gert.

Jóhann kvað hraðamælinguna hafa farið þannig fram, að ratsjainn í lögreglubifreiðinni hefði sýnt hraða lögreglubifreiðarinnar, sem hefði verið 125 km/klst. Síðan hefði hraði bifhjólsins A-1151 verið mældur með því halda jöfnu bili milli bifhjólsins og lögreglubifreiðarinnar um stund.

Vitnið Júlíus Óli Einarsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 27. janúar sl.

Júlíus lýsti aðdraganda hraðamælingar bifhjólsins A-1151 á þeim tíma, er í ákæru greinir, efnislega á sama veg og vitnið Jóhann Davíðsson. Júlíus lýsti því, hvernig ökuhraði lögreglubifreiðarinnar var mældur með því að beina ratsjá á fastan punkt, þ. e. á götu eða vegarkant, og þannig hefði bifreiðin reynst vera á 125 km/klst., er mælingin fór fram. Þá hefði verið jafnt bil á milli lögreglubifreiðarinnar og bifhjólanna, sem hefði verið ekið á svipuðum eða sama hraða. Þó hefði verið farið þannig að, er ökuhraðinn var mældur, að heldur hefði breikkað bilið milli lögreglubifreiðarinnar og bifhjólanna, og hefði ökuhraði bifhjólsins, sem hægur fór, verið mældur. Júlíus kvað þetta verklagsreglu lögreglu, svo að lögreglubifreiðin fari ávallt hægur en ökutækið, sem ökuhraði er mældur hjá á framangreindan hátt. Júlíus kvaðst hafa rekist í rafhlöðu við að fara út úr lögreglubifreiðinni, og hefði þá ökuhraði, sem læstur hafi verið á ratsjanni, þurrkast úr og því ekki tekist að sýna ákærða töluna á ratsjanni.

Vitnið Sigurður Magnús Harðarson tæknifræðingur, Svarthömrur 17, kom fyrir dóminn 27. janúar sl.

Sigurður kvaðst hafa ekið samferða ákærða á þeim stað og stund, sem í ákæru greinir, og báðir ekið bifhjóli. Sigurður kvaðst ekki hafa fylgst með ökuhraðanum, en telja, eftir að hafa séð ljósmerki lögreglubifreiðar

og þá litið á hraðamælinn, að ökuhraðinn hafi verið 90-95 km/klst. Sigurður kvaðst hafa ekið lítilega á undan ákærða, er lögreglan hafði afskipti af akstrinum.

Niðurstöður.

Nokkur ónákvæmni er í lögregluskýrslum um það, hvernig hraðamælingin fór fram. Hins vegar hafa lögreglumennirnir, sem gerðu hraðamælinguna, lýst mælingunni fyrir dóminum, og er í augum dómsins enginn vafi um hana. Lögreglumennirnir lýstu akstursleið sinni frá gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegur og á Gullinbrú. Dómurinn telur einsýnt, að lögreglubifreiðin hafi getað náð 125 km/klst. hraða á þessari leið, en verjandi ákærða hefur dregið það í efa.

Dómurinn telur því sannað með framburði vitnanna Jóhanns Davíðssonar og Júlíusar Óla Einarssonar, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi ekið bifhjólinu A-1151 aðfaranótt 25. september 1992 með 125 km/klst. hraða norður Gullinbrú á vegarkafli norðan Stórhöfða, sem sem ákært er út af. Hámarksökuhraði á greindum vegarkafli er 50 km/klst.

Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði gekkst árið 1978 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð 25.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja. Þá þykir ákærði hafa unnið sér til sviptingar ökuréttinda með akstrinum, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ákærði er þannig dæmdur til að vera sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun dómsins frestar ekki gildistöku ökuleyfissviptingarinnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 20.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 20.000 kr. í málsvagnarlaun til Kjartans Reynis Ólafssonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinar Jónsson, greiði 25.000 kr. í sekt í ríkissjóð. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, komi varhald í sjö daga í stað sektarinnar.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun dómsins ekki verkuninni að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 20.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 20.000 kr. í málsvagnarlaun til Kjartans Reynis Ólafssonar hrl.